



Greinargerð með breytingartillögum á bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar – fyrir síðari umræðu í bæjarstjórn

Tvær breytingar hafa átt sér stað á í kjölfar fyrri umræðu í bæjarstjórn varðandi breytingar á samþykktum Ísafjarðarbæjar, annars vegar breyting á 14. gr. um fjarfundabúnað, og hins vegar breyting á 47. gr. um fastanefndir.

1)

Í samræmi við minnisblað undirritaðrar, dags. 11. september 2020, lagt fram til kynningar á 1121. fundi bæjarráðs, þann 14. september 2020, er lagt til að 14. gr. samþykktanna verði eftirfarandi:

14. gr. Fjarfundabúnaður

Bæjarstjórn getur ákveðið að heimilt sé að nota fjarfundabúnað á fundum, ef veður eða færð hamla venjubundnu fundahaldi.

Fund í gegnum fjarfundabúnað skal þó aðeins halda ef brýna nauðsyn ber til og ekki er hægt að fresta afgreiðslu þeirra mála sem á dagskrá fundarins eru, að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra. Sé fjarfundur haldinn skal fundargerð lesinn upp í lok fundar í áheyrn allra og undirrituð af viðkomandi fundarmönnum á næsta venjubundna fundi eða á bæjarskrifstofu, í samráði við bæjarstjóra.

Leitast skal við að jafnræðis sé gætt, þannig að sé boðað til fundar með notkun fjarfundabúnaðar, að allir bæjarfulltrúar notist við fjarfundabúnað á fundinum. Allir fundarmenn skulu vera sýnilegir á fundinum. Bæjarfulltrúi í fjarfundabúnaði skal vera með innlegg og taka þátt í fundi með sama hætti og á venjubundnum fundi. Tryggja skal almenningi aðgang að fjarfundi eftir því sem kostur er.

Að öðru leyti vísast til 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga og auglýsingar ráðherra sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga um framkvæmd fjarfunda.

Núverandi ákvæði 14. gr. er svohljóðandi:

14. gr. Fjarfundabúnaður

Heimilt er að halda bæjarstjórnarfundi með síma- eða fjarfundabúnaði ef veður og færð hamla eðlilegum samgöngum. Slíka fundi má þó aðeins halda ef brýna nauðsyn ber til og ekki er hægt að fresta afgreiðslu þeirra mála sem á dagskrá fundarins eru að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra. Tryggja skal almenningi aðgang að þessum fundum eftir því sem kostur er. Sé fjarfundur haldinn undirrita þeir sem ekki voru viðstaddir á fundinum fundargerð á næsta fundi eða á bæjarskrifstofu. Að öðru leyti vísast til auglýsingar ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga um framkvæmd fjarfunda.

2)

Í tillögu sem lögð var fyrir bæjarstjórn á 460. fundi, þann 3. september 2020, var lagt til að breyta 47. gr. samþykktanna á þann hátt að skipulags- og mannvirkjanefnd og umhverfis- og framkvæmdanefnd yrðu sameinaðar. Tillögunni var vísað til umsagnar í nefndunum sem tóku ekki undir tillöguna.

Lagt er því til að 6. tl. 47. gr. samþykktanna verði svohljóðandi:

Skipulags- og mannvirkjanefnd: Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í skipulags- og mannvirkjanefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Skipulags- og mannvirkjanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með byggingar- og skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og

lögum nr. 160/2010 um mannvirki. Nefndin hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð þróunaráætlana og skipulagstillagna og leggur fyrir bæjarstjórn svæðis- og aðalskipulagsáætlanir ásamt tillögu að úthlutun lóða og að gatnagerðar- og þjónustugjöldum. Nefndin skal í störfum sínum huga að ferlimálum fatlaðra samkvæmt lögum þar um. Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.

Lagt er því til að 7. tl. 47. gr. samþykktanna verði svohljóðandi:

Umhverfis- og framkvæmdanefnd: Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í umhverfis- og framkvæmdanefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Umhverfis- og framkvæmdanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fjallar um umhverfis- og náttúruverndarmál í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Nefndin sinnir lögbundnum verkefnum gróðurverndarnefndar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018, náttúruverndarnefndar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald, dýraeftirlit, refa- og minkaeyðingu, meindýraeyðingu og fjárgirðingar, sbr. ákvæði gildandi laga þar um. Nefndin fer með stjórn vatnsveitu, fráveitu og Eignasjóðs að því marki sem þau verkefni eru ekki falin öðrum nefndum. Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.

Síðari liðir ákvæðisins halda númeri sínu.

Bryndís Ósk Jónsdóttir
sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs